

Háskóli Íslands
B.t. Egils Erlendssonar

Reykjavík, 11. október 2023
UST202310-014/Þ.B.S.
09.04.00

Efni: Leyfi til rannsókna á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur móttakið umsókn frá Háskóla Íslands, dagsett 2. október um rannsóknarverkefni við friðlandið í Oddaflóði.

Oddaflóð er friðlýst sem friðland sbr. [auglýsing nr. 634/1994](#). Ekki má breyta landslagi á svæðinu. Mannvirkjagerð og jarðrask er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Umferð ökutækja sem ekki tengist hefbundum nytjum er óheimil nema að fenginni undanþágu Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Verkefnið felur í sér að sækja 15 jarðvegssúlur með 5 cm bor í austur-vestur línu þvert á Oddaflóð til að greina jarðvegsbyggingu. Verkefnið fer fram 13. október 2023, utan varptíma. Í umsókninni kemur fram að nær ekkert rask verði. Eins kemur fram að engin vélknúin ökutæki verði notuð. Í rannsóknarvinnunni verður gengið út á Oddaflóð, staðsetning sýnatöku verður fyrir miðju Oddaflóði. Fjöldi þátttakenda í verkefninu eru 2 og áætlað er að vera í 4 tíma að vinna að rannsókninni.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ólíklegt til að hafa neikvæð áhrif á hið friðlýsta svæði. Umhverfisstofnun telur að rannsóknarverkefnið sé til þess fallið að bæta þekkingu á svæðinu og þar með styðja við verndargildi þess.

Niðurstaða:

Umhverfisstofnun veitir Háskóla Íslands fyrir sitt leyti leyfi til rannsókna innan Oddaflóðs sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávík við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vegi skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óparfa rask og stærð rannsóknarsvæðis skal haldið í lágmarki.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, og um leið afmá öll ummerki verkefnisins.
- Sýnataka er eingöngu fyrir ofangreint verkefni og óheimilt er að afhenda þriðja aðila sýnin í gróðaskyni.
- Rannsóknaraðilar og farartæki skulu vera merktir sínum stofnunum og/eða klæðast merktum sýnileikafatnaði.
- Sýnataka skal fara fram þar sem ummerki um hana eru ekki sýnileg gestum og afmá ummerki að sýnatöku lokinni.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfi Minjastofnunar þarf fyrir verkefninu ef friðlýstar fornminjar eru innan 100 metra frá framkvæmdarsvæðinu. Ef um er að ræða aðrar fornminjar sem eru friðaðar þarf leyfi Minjastofnunar ef minjarnar eru innan 15 metra frá framkvæmdarstað nema annað sé ákveðið.

Leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands þarf ef flytja á sýni úr landi.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanggirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Virðingarfyllt

Þórdís Björt Sigpórsdóttir
teymisstjóri

Daníel Freyr Jónsson
sérfræðingur